

Reebok Fitness 24/7 viðbótarsamningur.

Eftirfarandi skilmálar er aðeins viðbót við gildandi aðildarsamning minn hjá ReebokFitness. Hann einn og sér veitir ekki rétt til aðgangs að ReebokFitness.

Mér gefst kostur á að stunda líkamsrækt seint að kvöldi og á nóttunni utan hefðbundins opnunartíma ReebokFitness í þeim stöðvum RF sem bjóða 24/7 aðgengi. Mér er treyst til að kynna mér umgengnisreglur og skyldur mínar. Ég ætla að fylgja þeim til að tryggja áframhaldandi aðgang að þessari þjónustu.

Ég má einungis æfa og ganga um tækjasal, salerni og búningsklefa - öll önnur rými ss. hóptímasalir, CrossFitsalur, barnahorn ofl. er stranglega bannað að fara inn í. Hvort sem það er læst eða ekki.

Það er með öllu óheimilt að hleypa öðrum inn sem ekki hafa til þess aðgang.

Sá sem kemst ekki inn þarf að ganga frá sinni skráningu með þjónustuveri RFC áður. Sá sem gerist uppvís að því að hleypa öðrum inn greiðir fyrir það aðgangseyrir eða gjald kr. 7500.- fyrir hvert skipti og á hættu að missa sinn rétt á 24/7 aðgengi.

Öll neysla hverskyns vímu- eða eitrefna er með öllu óheimil. Hvort sem er gert áður en mætt eða á meðan. Algerlega bannað að vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Alltaf skilja betur við en að var komið.

Ganga frá og koma öllum búnaði aftur fyrir á sínum stað s.s. handlóðum í rekka og skilja lyftingastangir eftir án lóða. Ganga snyrtilega um stöðvarnar og gæta fyllsta hreinlætis, halda gólfum og æfingartækjum öllum þurrum og hreinum.

Ef þú sérð eitthvað gerðu eitthvað.

- Ef einhver er í vandræðum - bjóða viðkomandi aðstoð.
- Ef einhver er í neyð – hjálpaðu viðkomandi og/eða ræstu út viðbragðsaðila með því að þrýsta á neyðarhnappa eða hringja í Neyðarlínuna (112)
- Ef þú verður var við hjá öðrum óásættanlega, ógnandi hegðun eða skemmdarverk, skal gera lögreglu viðvart strax.

Ég ber ábyrgð á mér og mínu.

Ég ber fulla ábyrgð á því að haga æfingum mínum með þeim hætti að hvorki ég né aðrir hljóti skaða af.

Skemmdarverk eða sinnuleysi sem valda tjóni verða tilkynnt lögreglu ásamt myndefni úr eftirlitsmyndarvélum.

Viðskiptavinir sem valda skemmdum á búnaði eða húsnæði bera ábyrgð á tjóninu og skulu þeir bæta það að fullu.

Af öryggisástæðum:

Ættu tveir eða fleiri aðilar að æfa á sama tíma.

Pottar og gufuböð eru lokað utan hefðbundins opnunartíma stöðvanna.

Starfsfólk er EKKI til staðar.

Neyðarhnappar tengdir stjórnstöð Securitas eru miðsvæðis í hverri stöð á hverri hæð, einnig inn á gufuböðum og við heita potta. Ef þrýst er á hnappinn ræsist strax útkall viðbragðsaðila.

Misnotkun á neyðarhnöppum hefur í för með sér kostnað vegna plat-útkalls sem tekin er af greiðslukorti samningsins eða greiðsluseðli í banka.

RFC ehf. getur hvenær sem er breytt eða hætt við 24/7 þjónustuna. Það gefur ekki ástæðu til riftunar eða endurgreiðslu á aðal-aðildarsamningi.

RFC ehf. getur hvenær sem er breytt skilmálum þessum án tilkynningar enda snúa þeir að öryggi þínu.

Ath. 24/7 aðgangurinn gildir á meðan aðal aðildarsamningur er greiddur og í gildi. Aðeins eftir að þú hefur fengið SMS frá 'ReebokFit' um að aðgangur sé veittur.

Með skráningu minni staðfesti ég; að ég ber ábyrgð á mér, minni heilsu, minni hegðun og umgengi.